




ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

1. TÖLUBLAÐ JÚNÍ 1977

PÓSTHÓLF 4186 REYKJAVÍK ÍSLANDI

INNGANGUR.

Með blaði þessu hefst útgáfa fræðslu- og fréttabréfs á vegum ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS. Hér birtist áætlun sumarsins, kynnt merki félagsins og fleira. Nú er ekkert af fræðsluefni, en ráðin verður bót á því í næstu blöðum.

Einn félaganna var búinn að bjóðast til að taka að sér ritstjórn blaðsins, en ekki hefur reynst unnt að ná sambandi við hann.

Blaðið er opið öllum félögum og geta þeir fengið birt í því frásögur, tilkynningar og gagnrýni á stjórnina svo eitthvað sé nefnt.

VERKI.

Stjórn félagsins hefur valið merki fyrir félagið úr þeim tillögum, sem bárust og birtist það hér á haus þessa blaðs. Valgarður Gunnarsson hannaði merkið. Litaskipti merkisins eru þannig að himinninn er blár, ísexin rauð, stafirnir gulir og tindurinn svartur þeim megin, sem stafirnir eru, en hvítur ísaxarmegin, jaðarinn er hvítur.

FÉLAGSFUNDUR.

Hinn 12. maí s.l. var haldinn almennur félagsfundur og sóttu hann um 40 manns. Á fundinum var sagt frá ýmsu sem verður á döfinni hjá félaginu og birtist það m.a. í áætluninni hér í blaðinu.

Á fundinum var sýnd bresk kvikmynd um klifur í snjó og ís í Ben Nevis (1343 m). Einnig sýndi Helgi Benediktsson litskuggamyndir af ferð sinni og tveggja annarra á þumal um síðustu páska.

SKARÐSHEIÐI.

Hinn 5. júní var farið í fyrstu ferð félagsins. Ekið var að bænum Horni í Skorradal og gengið þaðan sem leið lá upp í Skessuhornið. Þegar kom að klettabeltinu hnýttu menn sig í línu og héldu upp. Aðstæður þarna voru fremur slæmar, snjór og sumsstaðar ís á klettunum - miðaði hægt ef menn vildu fara örugglega að. Framan af ferðinni hvessti mjög og er komið var í mjóddina, sem tengir Skessuhornið og Heiðina, var svo hvasst orðið að sumir ferðafélaganna urðu að henda sér niður og halda í steina til að fjúka ekki.

Af Skessuhorninu héldu flestir á Heiðarhorn, þar sem Skarðsheiðin er hæst (1055 m) og á Skarðshyrnuna. Bifreiðin beið hópsins við bæinn Efraskarð og hafði gönguferðin þá tekið 8 klst.

Til Reykjavíkur var svo komið 13 tímum eftir brottför þaðan. Þátttakendur voru 32 eða fimmti hver félagi í ÍSLENSKA ALPAKLÚBBNUM.

ÆTLUN.

Fimmtudaginn 30. júní kl. 20:30, Hótel Esju:

Útbúnaðarkynning - ýmislegur búnaður til alls kyns fjallaferða verður kynntur félögum.

Sunnudaginn 3. júlí kl. 08:00, Þingvellir:

Byrjendanámskeið í notkun einfaldasta fjallamennsku-búnaðar svo sem meðferð líflínu, hnúta og einfaldra trygginga.

Nauðsynlegur útbúnaður eru góðir fjallgönguskór, einn spotti 5 m langur og 7mm í þvermál, 2 spottar $4\frac{1}{2}$ m langir hvor og 5 mm í þvermál.

Tilkynnið þáttöku til Sighvats eða Helga í síðasta lagi miðvikudagskvöldið 29. júní.

Fimmtudaginn 14. júlí kl. 20:30, Hótel Esju:

Myndasýning og kynnt ferð á Öræfajökul dagana 21.- 24. júlí.

Fimmtudagur 21.- Sunnudagur 24. júlí kl.20:00:

Farið verður á Hvannadalshnúk, hæsta tind Íslands (2119 m), ef veður leyfir. Dvalið verður í tjöldum. Nauðsynlegasti útbúnaður verður kynntur á fundinum 14. júlí, en þá er síðasta tækifæri til að láta Sighvat eða Helga vita um þáttöku.

8., 10. og 11. september. Fjallamennskunámskeið I.:

Farið verður yfir helstu atriði í tækni og útbúnaði sem nota þarf við klifur í klettum.

Nauðsynlegur útbúnaður eru góðir fjallgönguskór, einn spotti 5 m langur, 7 mm í þvermál og 2 spottar $4\frac{1}{2}$ m langir hvor og 5 mm í þvermál. Einnig er æskilegt að menn hafi með sér fleyga, "karabínur", línur og annað, sem þarf að nota.

Þátttaka tilkynnist í síðasta lagi mánudaginn 29. ágúst til Sighvats eða Helga.

STJORN.

Sighvatur Blöndahl, form.
Maríubakka 8
109 Reykjavík s.76630-26430

Helgi Benediktsson, varaform.
Holtsgötu 21
101 Reykjavík s.23187-12045

Einar Hrafnkell Haraldsson
Sjafnargötu 5
101 Reykjavík s.21586

Hlynur Möller
Langholtsvegi 204
104 Reykjavík s. 32718-86500

Guðmundur Ingi Haraldsson,
Brekkugerði 28 -spjaldsk.r. Gylfi Gunnarsson, varameðstj.
108 Reykjavík s. 83798-17400/92 Leirubakka 14
109 Reykjavík s.76512

FERÐANEFND.

Sighvatur Blöndahl
Helgi Benediktsson
Gylfi Gunnarsson

Erlingur Thoroddsen
Sólvallagötu 64
101 Reykjavík s.19828

BÓKASAFN: Einar Hrafnkell Haraldsson.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Einar Hrafnkell Haraldsson.

VIÐTAKANDI